Tvær merkar listakonur



Kristín Jónsdóttir.



Gerður Helgadóttir.

Það er ekki alveg sjálfgefið að tveir listamenn passi saman á sýningu, og maður gerir sér ekki í fljótu bragði grein fyrir því, hvers vegna Kristín Jónsdóttir, listmálari (1888 — 1959) og Gerður Helgadóttir, myndhöggvari og glermyndasmiður (1928 — 1974) eru sýndar saman á Kjarvalsstöðum í tilefni listahátíðar. Eigi að síður er þetta fróðleg og merk sýning, þótt það sameiginlega fari fyrir ofan garð og neðan, það er að segja ef til þess var ætlast að skyldleiki fyndist.

Hin eiginlega og æskilega samvirkni samsýninga er þarna ekki, heldur tveir listamenn sem keppa ekki, heldur hafa hús saman yfir nokkrar vikur úr sumri.

Kristín Jónsdóttir

Eitt er þó sameiginlegt með þessum tveim listamönnum, að nokkuð bil hefur verið milli þeirra beggja og þjóðarinnar. Verk Kristínar Jónsdóttur hafa mjög sjaldan verið sýnd opinberlega (fólki á mínum aldri) og sama má segja um Gerði Helgadóttur, er vann lífsverk sitt að mestu erlendis.

Það er því þannig séð mikill listrænn ávinningur að þessari sýningu, þótt eigi parist hún að neinu leyti öðru.

Kristín Jónsdóttir verður að teljast meðal merkari frumherja í íslenskri samtímalist, eða samhangandi.

Það er auðvelt að taka undir orð Þorvaldar Skúlasonar listmálara, sem segir í stuttri grein á þessa leið:

Aldamótamenn

„Um aldamótin hófst tímabil merkilegrar landslagslistar hér á landi og náði furðulegum þroska á ótrúlega skömmum tíma, hópur afburða málara kom fram er höfðu flestir alist upp í sveitum landsins og skynjuðu íslenska náttúru af djúpri innlifun og höfðu kunnáttu til að tjá sig í málverki.

Hér voru á ferðinni m.a. menn eins og Ásgrímur Jónsson, Jón Stefánsson, Kjarval, Júlíana Sveinsdóttir og Kristín Jónsdóttir, sem öll máluðu landslagsmyndir af ástríðufullri hrifningu.

Á síðari árum hefur landslagslistinni hrakað verulega og þolir illa samanburð við verk fyrirrennaranna, skapandi grósku verður sjaldan vart lengur, en andlausum eftirlíkingum fer stöðugt fjölgandi. Það er því í hæsta máta tímabært að koma upp yfirlitssýningum á verkum frumherja íslenskrar myndlistar eins og Kristínar Jónsdóttur, sem er ekki aðeins meðal bestu landslagsmálara okkar, heldur málaði einnig myndir þar sem fólkið og umhverfi þess er meginuppistaðan, að ógleymdum kyrralífsmyndum, máluðum af óvenjulegu öryggi og leikni.

Nokkrum árum fyrir dauða sinn skrifaði hún grein um málaralist og þar stóðu meðal annars þessi orð: „Málverk á ekki sitt listræna gildi í sögulegu fjalli, jafnvel þó að það hafi gosið hundrað sinnum, heldur í því sem listamaðurinn skynjaði í mótívinu, hvaða kenndir það snart í sál hans, ljóðræna hrifningu eða dramatíska, allt eftir skapgerð hans".

Þessi orð Kristínar varpa ljósi á þá listrænu hugsun sem verk hennar eru sprottin úr — málverk er í eðli sínu sköpun fremur en eftirlíking fyrirmyndarinnar sem hratt því af stað, — náttúran og máluð mynd er nefnilega tvennt ólíkt, og sá sem ekki gerir sér þessa grein mun aldrei skapa listaverk sem lifir vegna lita sinna og forma, — getur ekki orðið málari.

Kristín var fæddur málari og því er í myndum hennar auðlegð lita, ýmist dökkra, djúpra og þróttmikilla eða mildra, bjartra og lýrískra. Þessum málverkum verður ekki lýst með orðum, þau verða að sjást og munu verða glitrandi þáttur íslensku menningarsögunnar um langan aldur".

Starfað í kyrrþey

Kristín Jónsdóttir var fædd í Eyjafirði, enda eru margar myndir hennar (sem ég hefi séð) málaðar þar, eða þaðan.

Hún hélt árið 1909 til Kaupmannahafnar, þar sem hún nam myndlist, og má segja að hún hafi allt eins vel verið Evrópulistamaður, eins og íslenskur, ef sýningarskrá hennar er tekin saman.

Hún giftist síðar Valtý Stefánssyni, ritstjóra Morgunblaðsins, en um hann var stormasamt. Kann það ef til vill að ráða nokkru um að hún hafði sig ekki mikið í frammi opinberlega.

Hún hafði um rausnarheimili að sjá, auk annars.

Það dylst engum, er sér verk hennar á Kjarvalsstöðum, að þarna er afburðamálari á ferð. Auðvitað er hún undir valdi og aga samtímans, en henni ber hærri sess í myndlistarsögu landsins, en hún hefur þegar. Á því er enginn vafi.

Það kemur í ljós að myndir Kristínar eru komnar víða að. Úr söfnum og af einkaheimilum manna. En þó nokkrar eru þó úr eigu fjölskyldu hennar.

Það er því dálítið afrek, út af fyrir sig, að safna þessum myndum saman, og listunnendur ættu ekki að missa af þessari merku yfirlitssýningu, því það getur dregist að þessar myndir hittist allar aftur á einum stað.

Gerður Helgadóttir

Gerður Helgadóttir er ekki síður merkur listamaður, og lífsverk hennar varð mikið, þó eigi geti ævin hafa talist löng, því hún lést aðeins 47 ára að aldri.

Gerður var fædd á Norðfirði og hóf myndlistarnám í Reykjavík 18 ára að aldri, en foreldrar hennar voru þau Helgi Pálsson, tónskáld og Sigríður Erlendsdóttir, en hún fékkst eitthvað við myndlist á sínum yngri árum.

Gerður hélt fljótlega til útlanda, og bjó einkum í Frakklandi og Suður-Hollandi. Hún öðlaðist mikla frægð á meginlandinu og eru verk hennar víða í stofnunum og kirkjum, svo og listasöfnum víða um heim.

Það er engin von til þess að unnt sé í stuttri grein að gera grein fyrir stórbrotnum listferli Gerðar Helgadóttur, enda sýningin hæfari til þess en ritað mál. Verk eru á sýningunni allt aftur til ársins 1946.

Þá má einnig minna á, að örðugra er um vik fyrir myndhöggvara að sýna verk sín á einkasýningum. Það er bæði kostnaðarsamt og örðugt í alla staði. Þó mun Gerður hafa haldið 15 einkasýningar um ævina og hafa tekið þátt í um það bil 50 samsýningum.

Leifur Breiðfjörð kom verkunum fyrir af mikilli prýði.

Listasafn Gerðar Helgadóttur

Í grein um sýninguna, segir Elín Pálmadóttir, blaðamaður í skrá:

„Mikið af þeim listaverkum Gerðar Helgadóttur sem hér eru sýnd, eru úr eigu Lista- og menningarsjóðs Kópavogs, þótt einnig séu fengin að láni verk úr einkaeigu. En systkini hennar, Erlendur, Snorri, Unnur og Hjördís, gáfu þangað snemma árs 1978 listaverk þau sem í dánarbúinu voru, þ.e. allar frummyndir og eitt eintak af afsteypum, sem þau höfðu látið gera, ásamt skissum, teikningum og tillögum. Er gert ráð fyrir að byggt verði í Kópavogi listasafn, er beri nafn Gerðar og geymi listaverk hennar, en gegni að öðru leyti hefðbundnu verkefni listasafns. En höfundarréttur fylgir til stjórnar safnsins.

Að sjálfsögðu er nokkuð tilviljun háð hver af verkum Gerðar lentu hér heima. Er hún fluttist frá Ítalíu til Parísar sendi hún heim verk sín, einnig tók hún vegna þessara 3 einkasýninga, sem hún hélt í Reykjavík, með sér verk heim 1952, 1956 og 1962 eða vann þau heima. Og einstöku verk barst öðru vísi. En þau verk dreifðust að sjálfsögðu nokkuð. Að Gerði látinni voru flutt heim þau verk hennar, sem enn fundust í vinnustofu hennar í París".

Verk Gerðar Helgadóttur eru einkar hrífandi, og það þarf að gefa sér góðan tíma til þess að virða þau fyrir sér.

Það er verðugt verkefni fyrir þá Kópavogsbúa, að gjöra safnhús um verk Gerðar Helgadóttur, því hún er einn merkasti listamaður þessarar aldar hér á landi.

Sýningunum lýkur 27. júlí n.k.

Jónas Guðmundsson

MYNDLIST

Jónas Guðmundsson



Málverk eftir Kristínu Jónsdóttur



Gluggi eftir Gerði Helgadóttur.

Náttúruverndarráð velji sjálft fulltrúa sinn

— í sendinefnd Íslands hjá Alþjóðahvalveiðiráðinu

2. júlí 1980

Náttúruverndarráð,
Laugavegi 13,
Reykjavík.

Við undirrituð leyfum okkur hér með að fara þess á leit við Náttúruverndarráð, að það reyni af fremsta megni að afla sér heimildar til að útnefna fulltrúa til að sitja fundi Alþjóðahvalveiðiráðsins með öðrum fulltrúum Íslendinga þar. Ástæður fyrir þessari beiðni eru sem hér segir:

Á aðalfundi Sambands íslenzkra náttúruverndarfélaga þann 20. júní í fyrra var samþykkt að skora á ríkisstjórnina að skipa náttúruverndarfulltrúa í sendinefnd Íslands á fundi hvalveiðiráðsins. Var ráðagerðin sú, að slíkur fulltrúi væri vísindamaður, sem hefði sérstaka þekkingu á hvölum og gæti, líkt og aðrir þesskonar fulltrúar annarra þjóða, skoðað veiðiáform hvalveiðimanna frá vísindalegum og náttúruverndar-sjónarmiðum.

Á almennum fundi um hvalavernd, sem haldinn var þann 25. júní í fyrra, lýsti Eyþór Einarsson, grasafræðingur, yfir þeirri skoðun sinni, að nýta bæri hvalina rétt eins og sauðkindina, og var frá þessu sagt í dagblöðum daginn eftir. Er ekki að orðlengja það, að sjávarútvegsráðherra skipaði Eyþór sem náttúruverndarfulltrúa ríkisstjórnarinnar til að sitja fundi hvalveiðiráðsins.

Við teljum hinsvegar, að Náttúruverndarráð eigi sjálft að velja umræddan fulltrúa og lýsum yfir því, að hann eigi samkvæmt eðli hlutverks síns að vera fylgjandi friðun hvala og þannig skapa mótvægi við hagnýtingarsjónarmið þau, sem ráðið hafa stefnu Íslendinga til þessa.

Virðingarfyllst,

Helgi Hallgrímsson
Formaður Sambands íslenzkra náttúruverndarfélaga.
Jórunn Sörensen
Formaður sambands dýraverndunarfélaga Íslands
Geir Viðar Vilhjálmsson
Formaður Náttúruverndarfélags Suðvesturlands
Edda Bjarnadóttir
f.h. Skuldar, félags hvalverndunarmanna.

Eflum
Tímann
86-300
Tíminn